Snorragarður
21. aldar



Snorri Sturluson var líklega fyrstur á Íslandi til að nýta jarðhita til hagsemdar, að rómverskri fyrirmynd.
Stokkur leiddi vatn úr hvernum Skriflu í Snorralaug en gufustokkur gufu inn í hýbýli hans, á 13. öld.

Í tímans rás féll þekkingin í gleymsku og á síðari öldum var jarðhiti ekki talinn til hlunninda
fyrr en með aldamótakynslóðinni í upphafi 20. aldar, þá voru Reykdælir frumkvöðlar í nýtingu hans með
Erlend Jóhannesson frá Sturlureykjum í fararbroddi. Presturinn í Reykholti kom upp gufueldhúsi á staðnum.

Snorragarður var áður heit mýri, hveravatn seytlaði um yfirborðið.
Byggt var við Héraðsskólann í Reykholti árið 1939 og þá lét Jónas frá Hriflu, kirkju- og kennslumálaráðherra,
Hörð Bjarnason húsameistara teikna mikinn listigarð með skrúðgarði umhverfis skólann, að enskri fyrirmynd.
Garðurinn átti að vera samastaður Snorrastyttu Vigelands, sem Ólafur Hákonarson krónprins Norðmanna færði Íslendingum.
Krónprinsinn og styttan komu einna en ætlað var vegna heimstyrjaldarinnar síðari, það var árið 1947 og var þá garðurinn
kominn til framkvæmdar, með lagningu nýrrar heimreiðar að staðnum, vegi og trjárækt. Sérstök Snorragarðsnefnd var sett,
en eftir krónprins komu gerðist fátt í jarðframkvæmdum þar til Ólafur Hákonarsosn konungur kom 1988
ásamt Vigdísi Finnbogadóttur sem lagði hornstein að nýrri kirkju í Reykholti.

Þegar til verksins kom olli jarðhitinn vandræðum. Leirpípur leystust upp og steinrör fylltust af kísli,
þá lögðu menn tréstokka sem entust í tæp 70 ár. Upp úr því fór jarðhitinn aftur að verða til vandræða.
Tekist hefur að þurrka Snorragarð talsvert með gerð tjarnar sem safnar heita vatninu og kælir það, því eru forsendur til frekari þróunar hans.
Tímabært er að líta ferskum augum á áskorarnirar í anda Erlends og Snorra og nýta jarðhitann til gera rannsóknar- og listigarð af fremstu gerð.
Þar sem möguleikar jarðvarmans til útiræktunar og innirræktunar eru kannaðir til hlýtar.

Snorragarður í Reykholti

Teikning Harðar Bjarnasonar.

Tíminn Reykjavík, laugardaginn 13. maí 1939

SVIÐSMYNDIR

Dystopia

Stadus Quo

Utopia

Við hönnun Snorragarðs 21. aldar er litið til hugmynda Harðar Bjarnasonar og leitast
við að tengja þær í sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi við gildi Reykholts á
miðöldum, þegar Snorri Sturluson hélt Staðinn. Leitast er við að festast ekki í klisjum
og samtímakreddum um „gamla daga“ en reyna að grípa andann sem varð
fumkvöðlum að uppbyggingu í Reykholti í gegn um tíðina innblástur.

Saga, skáldskapur og menning hafa verið öxulmiðja Reykholts síðan Snorri
byggði Staðinn upp. Mishratt hefur hverfst en nú er enn að hefjast uppbygging-
arskeið með nýju íbúahverfi austan við Reykholt. Gott skipulag á Snorragarði er
aðlaðandi fyrir nýja íbúa og ferðalanga og aðra gesti, eða eins og hugmyndin
var í upphafi að garðurinn yrði „skrúðgarður alls héraðsins“.

Vesturtjörnin
neðan við
Konungslund,
gosbrunnar hraða
kólnun vatnsins og
gleðja gesti.

Vestasti hlutinn
verður bótanískur
með sérhæfðum
vatnagróðri, trjám
sefi og blómum.

Neðan við skóginn
verður leiksvæði þar sem
landið er mótað í
hóla og dældir og stígar
þvera hringformin.
Þar er aðstaða til heilsuræktar
jafnt fyrir fullorðna og börn,
en tækin eru lágstemmd og
eins og hluti af náttúru
garðsins.



Haha veggur er snjallt stílbragð til að blekkja augað
og viðhalda tilfinningu fyrir opnu náttúrulegu rými.
það er einkennandi fyrir enska landslagsgarðinn.

Þrep liggja niður brattan við skólahúsið sunnanvert og mynda sæti fyrir
hringleikhús sem verður á rúmgóðu torgi í góðu skjóli fyrir SA-áttinni.
Skjólið veitir stór neðanjarðarbygging sem hýsir þjónustu við gesti og
viðburði. Framhliðin eru eru úr gleri og hleypir inn mikilli birtu en eru um
leið risastór margmiðlunar leiktjöld fyrir sýningar á torginu. Byggingin er
eins og Haha veggur skemmir ekki heimsýnina úr suðri að skólahúsinu.

Byggingin gæti verið Garðsstofa, viðbót við húsakost Snorrastofu og hýst
þjónustu við ferðamenn, safnbúð og kaffihús og aðstaða fyrir örnámskeið
í prenntlist, grafískri hönnun, skrautritun og lýsingagerð, og tengt þannig
við einn helsta útflutningsiðnað miðalda, bókagerð.

Sviðsetningar úr sögum tengdum Snorra fara fram á torginu, og framhlið
byggingarinnar er sviðsmynd og leiktjöld.

Hönnun Harðar gerði ráð fyrir einhvers konar „Par-terre“ í austasta hluta
garðsins. Ef til vill áttu þar að vera matjurtagarðar, líkt og tíðkaðist í
tilkomumiklum evrópskum görðum. þá er ekki ólíklegt að gagnsemdir mat-
jurtagarða hafi vakað fyrir mönnum, enda margir munnar í héraðsskólum
og margar hendur sem unnið gætu létt verk. Jónas tekur fram að ungmen-
nafélög héraðsins og búnaðarfélög ættu þátt í uppbyggingunni.

Par-terre á upphaf í klausturgörðum miðalda. Snorri Sturluson sem stofnaði
klaustrið í Viðey gæti hafa verið sérlegur áhugamaður um klausturgarða,
hver veit nema hann hafi haft laukabeð í garði sínum, og ef til vill rósir til
vegsemdar kvenþjóðinni, kvensæll sem hann var.

Par-terre í 21. aldargarðinum verður með upphituðum gróðurreitum og
gróðurval og aðbúnaður um plöntur verður gert af vísindalegri ákefð og
áhuga fyrir möguleikum nútímatækni og þróunar.

Tjarnirnar í Snorragarði
kæla hveravatnið áður en
það fer í affallið.
Hitinn í þeim býður gróðri
sérstakar aðstæður, nú
vaxa
í Geirstjörn blómstrandi
vatnaliljur í tveimur litum.

LARK 4

LBHÍ - VORÖNN 2022

LANDSLAGSGREINING-LANDSLAGSFRÆÐI

KENNARAR:

GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON

OG

SIGURBJÖRG ÓSK ÁSKELSDÓTTIR

NEMANDI:

BRYNDÍS GEIRSDÓTTIR

23.07.81.3469

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS